



Reykjavík 2. október 2023

Niðurstaða athugunar á birtingu lýsinga, viðauka og endanlegra skilmála hjá Iceland Seafood International hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf í ágúst 2022 athugun á birtingu lýsinga, viðauka og endanlegra skilmála hjá Iceland Seafood International hf. (hér eftir Iceland Seafood). Markmið athugunarinnar var að kanna hvort birting lýsinga, viðauka og endanlegra skilmála á vefsetri Iceland Seafood væri í samræmi við ákvæði 1. og 7. mgr. 21. gr., 5. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 23. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129, um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði verðbréfa eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (hér eftir lýsingarreglugerðin), sem innleidd er í íslensk lög með 1. mgr. 2. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Niðurstöður lágu fyrir í september 2023.

Niðurstaða fjármálaeftirlitsins var eftirfarandi:

Iceland Seafood braut gegn 1. og 7. mgr. 21. gr. lýsingarreglugerðarinnar, um birtingu lýsingar, með því að gera ekki aðgengilega almenningi og varðveita ekki í a.m.k. 10 ár eftir birtingu á vefsetri útgefanda 4 lýsingar, þ.e. eina útgefandalýsingu, tvær verðbréfalýsingar og eina grunnlýsingu á tímabilinu 3. nóvember 2020 til 30. ágúst 2022.

Iceland Seafood braut jafnframt gegn 1. mgr. 23. gr. lýsingarreglugerðarinnar, um viðauka við lýsingu, með því að gera ekki aðgengilegan almenningi og varðveita ekki í a.m.k. 10 ár eftir birtingu á vefsetri útgefanda viðauka við lýsingu á tímabilinu 11. desember 2020 til 14. desember 2020 og 22. desember 2021 til 30. ágúst 2022

Þá braut Iceland Seafood gegn 5. mgr. 8. gr. lýsingarreglugerðarinnar, um grunnlýsingu, með því að gera ekki aðgengilega almenningi og varðveita ekki í a.m.k. 10 ár eftir birtingu á vefsetri útgefanda þrenna endanlega skilmála á tímabilinu 2. júní 2021 til 30. ágúst 2022.